

FUNDARGERÐ UMHVERFISMÁLARÁÐS BOLUNGARVÍKUR

Fundur var haldinn í umhverfismálaráði Bolungarvíkurkaupstaðar þriðjudaginn 24. janúar 2012, kl. 17.00 á skrifstofu byggingarfulltrúa í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Sölvi Rúnar Sólbergsson, formaður, Sunna Rey Sigurjónsdóttir, Arnþór Jónsson, Hafþór Gunnarsson, Gunnar Sigurðsson undir liðum 2 til 5 og Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 17.10.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðisnefnd. (1110051)

Erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir tilnefningu á fulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar í vatnasvæðisnefnd.

Umhverfismálaráð samþykkir að tilnefna Anton Helgason fulltrúa Bolungarvíkur í vatnasvæðisnefnd.

2. Hafnargata 8. (1109019)

Á fundi bæjarstjórnar 8. desember s.l., var fundargerð umhverfismálaráðs frá 29. nóvember s.l., til afgreiðslu. Þar var afgreiðslu umhverfismálaráðs á umsókn Vélvirkjans sf. um lóðina að Hafnargötu 10 “vísað til hafnarstjórnar til umsagnar og síðan til fullmannaðs umhverfismálaráðs”. Hafnarstjórn fjallaði um málið á fundi sínum 21. desember s.l., og “gerir ekki athugasemd við að Vélvirkjanum verði úthlutað viðkomandi lóð til stækkunar á athafnasvæði sínu”.

Meirihluti umhverfismálaráðs samþykkir stækkun lóðarinnar og vísar í bókun Sölva Sólbergssonar og Hafþórs Gunnarssonar á fundi ráðsins 29. nóvember s.l.

Arnþór Jónsson greiðir atkvæði gegn samþykktinni og vísar í bókun sína og Rolands Smelts frá fundi ráðsins 29. nóvember s.l.

Gunnar Sigurðsson situr hjá við afgreiðslu erindisins.

3. Traðarland 8. (1201019)

Erindi frá Snorra H. Harðarsyni þar sem hann óskar eftir að lóð hans við húsið að Traðarlandi 8 verði minnkuð.

Erindið samþykkt.

4. Sjávarbraut 9.

Erindi frá Jakob Valgeir ehf., þar sem sótt er um heimild til viðbyggingar við fiskvinnsluhús fyrirtækisins við Sjávarbraut 9 samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Erindið samþykkt.

Umhverfismálaráð leggur áherslu á að brunahönnun hússins ljúki sem allra fyrst.

5. Önnur mál.

a) Hundaviðrunarsvæði.

Rætt um kosti og galla staðsetningar hundaviðrunarsvæðis, umhverfis fjárrétt í Syðridal og á Traðarengjum við hlið skógræktarinnar.

b) Þuríðarbraut 7.

Lagt fram erindi frá Kjartani Árnasyni, arkitekt, dagsett 23. janúar, þar sem hann fyrir hönd eigenda að Þuríðarbraut 7 óskar umsagnar ráðsins á fyrirhuguðum breytingum á þaki hússins.
Erindið kynnt.

c) Búfjárreglugerð.

Farið yfir tillögu að breyttri reglugerð og breytingar á henni ræddar.

Fundi slitið kl. 19.20.

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Sunna Rey Sigurjónsdóttir

Arnþór Jónsson

Gunnar Sigurðsson

Hafþór Gunnarsson

Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi